

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR**frá 4. nóvember 1991****um lágmarkssamskipan tiltekins búnaðar fyrir tölvuvætt netkerfi dýraheilbrigðisyfirvalda (Animo)****(91/585/EBE)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 91/174/EBE ⁽²⁾, einkum 3. mgr. 20. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*Framkvæmdastjórnin samþykkti 19. júlí 1991 ákvörðun 91/398/EBE ⁽³⁾ um tölvuvætt netkerfi dýraheilbrigðisyfirvalda (Animo) og 22. júlí 1991 ákvörðun 91/426/EBE ⁽⁴⁾ um nánari reglur um fjárframlag bandalagsins vegna uppsetningar á tölvuvæddu netkerfi dýraheilbrigðisyfirvalda (Animo).

Til að unnt sé að koma netkerfinu á er nauðsynlegt að ákveða lágmarkssamskipan búnaðar sem kveðið er á um í fyrsta, öðrum og þriðja undirlið 2. mgr. 2. gr. ákvörðunar 91/398/EBE.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í viðaukanum er skilgreind lágmarkssamskipan þess búnaðar sem kveðið er á um í fyrsta, öðrum og þriðja undirlið 2. mgr. 2. gr. ákvörðunar 91/398/EBE.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 4. nóvember 1991.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ray MAC SHARRY

framkvæmdastjóri.⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 29.⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 85, 5. 4. 1991, bls. 37.⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. L 221, 9. 8. 1991, bls. 30.⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. L 234, 28. 8. 1991, bls. 27.

VIÐAUKI

LÁGMARKSSAMSKIPAN BÚNAÐAR

1. Örgjörvi:
INTEL 80 — 386 — 20 Mhz
 2. Rými á hörðum disk:
100 Mb
 3. Lesminni:
1 x 3,5"-disklingar (1,44 Mb)
 4. Vinnsluminni:
(RAM): 4 Mb
 5. Tengi:
2 raðtengi — 1 hliðartengi
 6. Prentari:
Meðalprentgæði
 7. Skjár:
Tvíflita
 8. Mótald, ef þörf krefur:
CCITT V22 bis
-